

**Fertugasti og sjötti fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis haldinn þriðjudaginn 4. júní 2019 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 17:00.**

Mættir: Hafsteinn Pálsson, Hannes Tryggvi Hafstein, Magnús Rúnar Dalberg, Sigríður Klara Árnadóttir, Linda Björk Ragnarsdóttir, Valborg Anna Ólafsdóttir, Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson sem ritaði fundargerð.

**Dagskrá:**

**1. Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla, hollustuhátta og tóbaksleyfi.**

- a. Ragnheiður Bjarnadóttir f.h. Nærveru ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir rekstur snyrtistofu að Háholti 14 í Mosfellsbæ.  
Heilbrigðiseftirlitið veitti leyfi þann 16. apríl 2019 til 12 ára með vísan til reglugerðar um hollustuhætti og með samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir snyrtistofur.  
*„Staðfest.“*
- b. Halldóra Þ. Jónsdóttir hefur f.h. CISV á Íslandi – Alþjóðlegar sumarbúðir barna sótt um tímabundið starfsleyfi fyrir rekstri sumarbúða í Mýrarhúsaskóla á Seltjarnarnesi á tímabilinu 28. júní til 25. júlí.  
*„Samþykkt með vísan til laga um matvæli og reglugerðar um hollustuhætti.“*
- c. Magnús Sigurðsson f.h. Sumarbústaðafélagsins Valshamars sækir um nýtt starfsleyfi fyrir vatnsveitu til einkanota á svæði félagsins í Eilífsdal.  
*„Samþykkt til 12 ára með vísun í gildandi reglugerð um neysluvatn.“*
- d. Fredrica Anna Lovisa Fagerlund sækir um nýtt starfsleyfi fyrir Fagerlund ehf. reiðskóla með aðstöðu í reiðhöll Harðar.  
Heilbrigðiseftirlitið veitti leyfi til 12 ára þann 22. maí 2019 með samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir hestaleigur og reiðskóla.  
*„Staðfest.“*
- e. Icecard ehf. sækir um endurnýjun tóbakssöluleyfis fyrir söluturninn Lukku Láka að Þverholti 2 en núverandi leyfi rann út 22. maí 2019. Heilbrigðiseftirlitið veitti leyfi þann 14. maí 2019 til 4 ára með vísan til laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002.  
*„Staðfest.“*
- f. Guðrún Haraldsdóttir sækir um nýtt starfsleyfi fyrir einkavatnsból f.h. Félags frístundabyggðar í Raðahverfi í Kjósarhreppi.  
*„Samþykkt til 12 ára með vísun í gildandi reglugerð um neysluvatn.“*

**Umsóknir á sviði mengunarvarna**

- g. Ístak hf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir geymslusvæði á nýju svæði austan við athafnasvæði félagsins á Leirvogstungumelum.  
Starfsleyfið var kynnt heilbrigðisnefnd en bíður afgreiðslu þar sem lóðin hefur ekki verið stofnuð.

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

### 2. Umsagnir:

#### Erindi sýslumanns

- a. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 29. maí 2019 þar sem óskað var umsagnar um nýtt rekstrarleyfi fyrir Matta ehf. (Rauða Ljónið) veitingahús og skemmtistað að Eiðistorgi 13-15 á Seltjarnarnesi. Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 29. maí 2019.  
„Staðfest.“
- b. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 22. maí 2019 þar sem óskað var umsagnar um endurnýjun rekstrarleyfis fyrir Veiðifélagið Hreggnasa ehf. fyrir veiðihúsið við Laxá í Kjós. Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 27. maí 2019.  
„Staðfest.“
- c. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 12. apríl 2019 þar sem óskað var umsagnar um nýtt rekstrarleyfi fyrir Blackbox Pizzeria ehf. að Háholti 13-15 í Mosfellsbæ. Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 12. apríl 2019.  
„Staðfest.“
- d. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 30. apríl 2019 þar sem óskað var umsagnar um tímabundið áfengisleyfi fyrir Bókasafn Mosfellsbæjar Þverholti 2 þann 11. maí frá kl. 13-15 í tilefni af fjölmenningsráði. Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 8. maí 2019.  
„Staðfest.“

#### Umsagnir um skipulag

- e. Lagt fram erindi skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar dagsett 17. maí um deiliskipulag frístundahúsabyggðar á spildu í landi Miðdals 1. Umsögn um deiliskipulagið var send 27. maí.  
„Staðfest“.

### 3. Lífríki Silungatjarnar, Krókatjarnar og Selvatns

Lögð fram skýrsla Náttúrufræðistofu Kópavogs um lífríki Silungatjarnar, Krókatjarnar og Selvatns unnin fyrir Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis. *Tillaga að bókun: Heilbrigðisnefnd fagnar framkominni skýrslu þar sem markmiðið var að afla grunnupplýsinga um lykilhætti í lífríki og esnabúskap vatnanna þriggja. Í niðurstöðum kemur meðal annars fram að vatnsgæði eru mikil m.t.t. flestra þátta og ekkert sem bendir til að vötnin séu undir álagi vegna mengunar. Til að svo verði til langrar framtíðar þarf að gæta varúðar í ákvarðanatöku er varðar svæðið og í umgengni við það.*

### 4. Fráveitumál í Tjaldanesi

Lagt fram bréf Lagapings sf. dagsett 24. maí 2019 þar sem fjallað er um innheimtumál vegna dagsekta á Fylki ehf. vegna ófullnægjandi fráveitu í Tjaldanesi. „Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis telur sýnt að beiting dagsekta á Fylki ehf., til að ná fram úrbótum í fráveitumálum að Tjaldanesi, hefur ekki skilað tilætluðum árangri og íhugar nefndin að hætta frekari álagningu dagsekta en grípa þess í stað til annarra þvingunarúrræða. Í því fellst að beita heimild í 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og láta vinna úrbætur við ófullnægjandi fráveitu á kostnað eiganda. Kostnað við þær úrbætur má innheimta

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

*samkvæmt ákvæði laganna og er lögveðsréttur fyrir þeirri innheimtu í tvö ár eftir að greiðslu er krafist. Þá hyggst nefndin halda innheimtu þegar álagðra dagseka áfram.*

*Heilbrigðisnefnd skorar á Fylki ehf. að ljúka framkvæmdum við fráveitu húsanna í Tjaldanesi í samræmi við kröfu heilbrigðiseftirlitsins fyrir 31. júlí 2019. Eftir þann tíma mun heilbrigðisnefnd taka ákvörðun í málinu.*

*Heilbrigðisnefnd veitir Fylki ehf. andmælarétt til 30. júní n.k. um fyrirhugaða ákvörðun.“*

### **5. Önnur mál**

- a. Færanlegur loftgæðamælir Umhverfisstofnunar hefur verið settur upp við Brúarland og eru mælingar á svifryki hafnar. Heilbrigðiseftirlitið upplýsti að mælir hefði verið settur upp við bílastæði. Rauntímamælingar eru aðgengilegar á slóðinni [www.loftgæði.is](http://www.loftgæði.is).
- b. Neytendastofa boðaði heilbrigðiseftirlit til fundar 28. maí vegna stofnun samvinnunefndar heilbrigðiseftirlitanna og Neytendastofu vegna eftirlits með rafrettum. Fundargerð hefur ekki borist.

Fundi slitið kl. 18:20.